



WOW Cyclothon 2017

Handbók

#wowcyclothon

ÁHEITASÖFNUN

GERÐU GOTT Í LEIÐINNI!

Við erum að fara saman af stað í alveg hreint magnað ferðalag hringinn í kringum landið!

Á leiðinni ætlum við að safna áheitum til styrktar Landsbjörgu. Árið 2017 verður safnað fyrir Slysavarnarfélagið Landsbjörgu sem mun úthluta söfnunarfé til Björgunar- og slysavarnarsveita landsins. Slysavarnarfélagið Landsbjörg eru landssamtök björgunarsveita og slysavarnadeilda á Íslandi. Fyrsta björgunarsveitin var stofnuð árið 1918 en félagið í núverandi mynd var stofnað 2. október 1999. Þá urðu til ein stærstu samtök sjálfbóðaliða á Íslandi með um 18 þúsund félaga. Starfsemin miðar að því að koma í veg fyrir slys og bjarga bæði mannlífum og verðmætum. Um 4000 vel þjálfðra sjálfbóðaliða er til taks ef út af bregður, hvort sem er á nóttu sem degi, allt árið um kring. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, er verndari Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

VIÐ STEFNUM Á HÆRRI UPPHÆÐ ÁR HVERT OG HÆTTUM EKKI FYRR EN ÞVÍ MARKMIÐI ER NÁÐ!



Mercedes-Benz



LOKAHÓF OG VERÐLAUNAPARTÝ!

Já við þurfum partý til að geta sagt sögurnar og þetta verður gott partý því allir sem verða á staðnum skilja í raun hvað þú átt við þegar þú segir „þetta var ólýsanleg upplifun!“ Lokahóf keppenda, starfsmanna og styrktaraðila keppinnar verður haldið laugardagskvöldið 24. júní í Listasafni Reykjavíkur klukkan 20:00. Þar mun einnig fara fram verðlaunaafhending.

Sýnum öllum stundum íþróttamannslega hegðun og náungakærleik og verum WOW Cyclothon, áheitasöfnun keppinnar og hjólreiðum yfir höfuð til fyrirmyndar í alla staði. Höfum gaman af því að hafa gaman!



Mercedes-Benz



DAGSKRÁ

20. Júní kl. 18:00

Ræsing Einstaklingsflokks og Hjólakrafts frá Öskju, Krókhálsi 11.

20. Júní kl. 18:15

Liðsfundur & race expo í Sýningarsal Öskju, Krókhálsi 11. Allir keppendur eru velkomnir á staðinn en skyldumæting er fyrir liðsstjóra og fjölmiðla. Afhending gagna fyrir liðið fer fram að fundi loknum.

ATH: Afhending ökurita fer fram hjá Arctic Track Skeifunni 8. Nánari tímasetning birt síðar.

21. Júní kl. 18:00

Ræsing A-flokks frá Egilshöll

21. Júní kl. 19:00

Ræsing B-flokks frá Egilshöll

23. Júní kl. 06:00

Endamark opið á Krísuvíkurvegi. Móttaka liða.

24. Júní kl. 20:00

Móttaka og lokahóf í Listasafninu í Reykjavík (Hafnarhúsinu).



Mercedes-Benz



RÁSMARK

Keppnin verður ræst frá Egilshöll. Þar eru næg bílastæði fyrir liðsbíla sem og áhorfendur.

Kallað verður inn í startblokkir 10 mínútum fyrir ræsingu og mælumst við til þess að keppendur mæti tímanlega.

Tímataka við rásmark fer í gang við ræsingu en allir keppendur fá sama rástíma. Undanfari fylgir keppendum á jöfnum hraða frá Egilshöll, um Korpúlfsstaðaveg og þaðan út á Vesturlandsveg. Undanfarinn fer áfram fyrir hópnum þar til hópurnir beygir inn Hvalfjarðarveg (vegur 47). Þar mun undanfari víkja við gatnamótin.

RÁSMARK YFIRLITSKORT

— KEPPNISLEIÐ M/ LÖGREGLUFYLGÐ

— RÁS HÓLF

— BÍLASTÆÐI



WOW CYCLOTHON
AROUND ICELAND



Mercedes-Benz



FYRSTI HJÓLALEGGUR OG HVALFJÖRÐUR

Fyrsta skipting liða er heimiluð eftir að farið er fram hjá fána keppninnar við Tíðarskarð á Hvalfjarðarvegi. Þeir liðsmenn sem taka þátt í ræsingu verða að hjóla allan þennan fyrsta hjólalegg keppninnar.

Athugið að einungis einni bifreið fyrir hvert lið er leyfilegt að fylgja hjólurum í gegnum Hvalfjörð (vegur 47).

Í Hvalfirði eru 5 leyfilegir skiptistaðir. Við Tíðarskarð, Laxá í Kjós, Fossá, Hvalstöðina og Sundlaugina Hlaðir (við Ferstiklu). Á þessum stöðum er gott pláss til þess að stöðva bifreiðar og mælumst við til þess að ökumenn sýni tillitssemi og hindri ekki aðgang annarra liða og stöðvi ekki lengur en þörf krefur. Skiptisvæði verða afmörkuð með fáum keppninnar.

Vegagerðin hefur heimilað tafir á Hvalfjarðarvegi (47) milli Vesturlandsvegar (1) og Kjósaskarðsvegar (48) vegna ræsingar keppninnar og vegfarendur verða varaðir við að tafir séu á þessum kafla.

Hjólreiðamönnum sem hjóla fyrsta kafla keppninnar (Egilshöll inn að Tíðarskarði í Hvalfirði) ber skylda að hafa farsíma meðferðis til að geta látið liðsbíl vita ef einhver óhöpp verða þess valdandi að keppandi getur ekki haldið áfram. Rétt er að benda á að liðum er frjálst að hafa tvo liðsmenn úti á þessum fyrsta kafla keppninnar. Ekki er leyfilegt að nýta aðra bíla en liðsbíla til stuðnings hjólreiðamönnum á þessum fyrsta kafla keppninnar.

Bili búnaður hjólreiðafólks á þessum köflum þar sem skiptingar eru ekki frjálssar má skipta út búnaði að vild en **EKKI** er leyfilegt að skipta um keppanda. Sá sem hjólar viðkomandi keppnislegg verður að klára.

Verði slys á keppanda á þessum köflum ber að tilkynna það til keppnisstjórnar og fá leiðbeiningar um áframhaldið. Verði alvarleg slys bendum við keppendum á að hringja tafarlaust í neyðarnúmer 112.



Mercedes-Benz



SKIPTINGAR

Skipting hjólreiðamanna fer þannig fram að sá hjólreiðamaður sem er að ljúka við sinn hjólalegg verður að láta framdekk sitt ná fram fyrir framdekk þess sem er að taka við, að öðru leyti telst „boðsveitarkeflið“ ekki hafa verið rétt á milli liðsmanna og skipting því ólögleg. Ekki er þörf að „klukka“ eða snerta liðsmann til að skipting teljist gild.

Mjög mikilvægt er að liðsmaður sem er að ljúka sínum hjólalegg víki til hliðar en ekki fyrr en það þykir öruggt. Þegar skipting fer fram skal liðsbíll keyra fram fyrir sitt lið og stöðva á öruggum stað þar sem ekki skapast hættu fyrir eða af annarri umferð. Þar gerir næsti liðsmaður sig kláran til að taka við af þeim hjólreiðamanni sem er að ljúka sínum hjólalegg. Ávallt skal gæta fyllsta öryggis í skiptingum og í öllum tilfellum fara eftir umferðarreglum, bæði vegna þátttakenda keppinnar og almennrar umferðar.

Notast skal við útskot, afleggjara og annað sem minnkar líkur á slysum, ekki stöðva fyrir framan eða aftan blindhæðir eða við heila miðjulínu vegar. Við mælumst til þess að skiptingar fari ekki fram til hliðar við liðsbíla sem lagt er úti í kanti, heldur fyrir framan bifreiðina. Þá er auðveldara að gefa öðrum öikumönnum sem fara þurfa fram úr hjólreiðafólkinu til kynna að sýna þurfi aðgát. Þegar keppendur hafa lokið við að hjóla í gegnum Hvalfjörð ráða liðin hversu ört þau skipta sínum liðsmönnum út en þegar fimm eða fleiri lið hjóla saman verður lágmarkstími á milli skiptinga að vera 25 mínútur.

Athugið, reglur banna keppendum að hjóla á móti stefnu keppinnar. Þetta þýðir að hjólreiðamaður sem bíður eftir skiptingu eða hefur lokið skiptingu má ekki þvera veginn og hjóla rangsælis til móts við liðsbifreiðina eða aðra keppendur.

BIFREIÐAR

Við mælumst til þess að ekki fari fram skiptingar á liðsmönnum og búnaði á milli bifreiða nema á öruggum stöðum á leiðinni. Til skiptinga má sem dæmi notast við skipulögð bílaplön og afleggjara. N1 mun lengja opnunartíma sinna bensín- og þjónustustöðva víðs vegar um landið og eru það tilvaldir staðir til skiptinga. Sjá nánar undir “N1 ÞJÓNUSTA ALLAN HRINGINN”.



Mercedes-Benz



LEIÐIN

Hjólað er með boðsveitarformi réttisælis hringinn í kringum Ísland, 1358 km. Farið er um Þjóðveg 1 með fjórum undantekningum: Farið er norður fyrir landið um Hvalfjörð en ekki Hvalfjarðargöng. Rétt áður en komið er að Mývatni er tekin vinstri beygja og hjólað yfir ána Laxá, farið norðan megin fyrir vatnið, um Þjóðveg 1. Nokkru seinna er tekin hægri beygja í átt að Reykjahlíð og því næst vinstri beygja áleiðis til Egilsstaða. Ekki skal því hjóla sunnan megin við vatnið um veg 848 fram hjá Dimmuborgum. Allir flokkar skulu fara um Öxi, veg 939, en ekki um Breiðdalsheiði, Þjóðveg 1. Því þurfa lið að hafa með sér fjallahjól eða cyclocross-hjól til að hjóla 29 km malarkaflann á þeirri leið. Kort og ferill er aðgengilegur á wowcyclothon.is. Frá Selfossi er beygt til suðurs, veg 34 framhjá Eyrarbakka og inn á Suðurstrandarveg (veg 427) inná Krýsuvíkurveg (42) gegnum Krýsuvík og að marki sem verður á Hvaleyrarvatnsvegi.

Hluti leiðarinnar á vegi 427 og vegi 939 er ekki malbikaður og verður hvert lið að ákveða hvort skipt sé yfir á cyclocross hjól eða hvort götuhjólið þoli mölina.

BÚNAÐUR

Í keppninni eru öll reiðhjól leyfð fyrir utan að ekki er heimilt að nota liggjandi hjól, tímatökuhjól/þríprautarhjól, plötugjarðir eða hafa liggjandi stýri á götuhjóli (keppendum í einstaklingskeppni er þó heimilt að nota liggjandi stýri á götuhjóli).

Mælt er með því að nota racer eða cyclocross-hjól á racer-dekkjum. Einnig er mælt með því að lið hafi með sér fjallahjól eða cyclocross-hjól til að fara malarkaflann yfir Öxi og við Kleifarvatn og til að geta brugðist við vegaframkvæmdum á þjóðveginum sem gætu hugsanlega staðið yfir á þessum tíma. Hjálmaskylda er í keppninni. Hjálmur þarf að vera CE vottaður og má ekki vera eldri en 5 ára gamall. Ekki er leyfilegt að nota tímatökuhjalma í liðakeppni flokka A, B og Hjólakrafts en leyfilegt er að nota slíka hjálma í einstaklingsflokki.

Ávallt skal athuga vel ástand hjóls áður en lagt er af stað í keppnina. Atriði sem mikilvægast er að huga að eru til dæmis endurnýjun á bremsupúðum, ástand dekkja og slit á keðju. Öll lið skulu hafa meðferðis nauðsynlegan öryggisbúnað á hjól og fatnað ef aðstæður kalla á notkun ljósa, endurskinsvesta, o.s.frv. Nota skal hazard-ljós bíls við hvert tækifæri til að auka öryggi og minnka líkur á slysum.



Mercedes-Benz



FLOKKAR OG AÐ „NÝTA SKJÓL“

Keppt er í fjórum flokkum og verða þeir aðgreindir með litamerkingum á hnakkpípu allra hjóla. Einnig munu lið fá límmiða sem límda skal á vinstri og hægri hlið hjálma allra keppenda. **Dómara er heimilt að dæma tímavíti sé merkingum á hjóli og/eða hjálmi ábótavant.**

Merkingar verða afhentar um leið og keppnisgögn, þriðjudaginn 20. júní.

Hjólakraftur er merktur með rauðri litamerkingu

Einstaklingar eru merktir með gulri litamerkingu

A flokkur (4 manna lið) eru merkt með grænni litamerkingu

B flokkur (10 manna lið) eru merkt með blárrí litamerkingu

Heimilt er að nýta skjól (vera í kjölsogi) frá öðrum hjólreiðamönnum í keppninni en einungis innan sama flokks (sömu litamerkingar á hnakkpípu). Undantekning á þessu er Einstaklingsflokkur en keppendum í einstaklingsflokki er með öllu óheimilt að nýta sér skjól.

REGLUR Í UMFERÐINNI

Undir engum kringumstæðum má keppandi nýta skjól af bíl sem er fyrir framan hann eða fara út á miðju vegar til þess að ná kjölsogi bíla sem aka í sömu akstursátt á tveggja akreina götu. Liðsbíll má ekki keyra við hliðina á eða fyrir framan hjólreiðamann til að mynda skjól frá vindi. Þjóðvegur 1 liggur í gegnum nokkra þéttbýlisstaði landsins. Innan bæjarmarka þessara staða gilda reglur um friðsvæði (neutral zone). Ætlast er til að keppendur hjóli með varúð, fylgi öllum umferðarreglum og ekki er leyfilegt að gera róttækar hraðabreytingar með það að markmiði að stinga hópinn sem hjólað er með af. Þessir staðir eru t.d. Reykjavík, Mosfellsbær, Borgarnes, Blönduós, Varmahlíð, Akureyri, Mývatn, Egilsstaðir, Vík í Mýrdal, Hvolsvöllur, Hella og Selfoss. Keppendur skulu ávallt hjóla á réttum vegarhelmingi og sem næst hægri kanti vegarhelmingins.

Keppendum er óheimilt að þiggja utanaðkomandi aðstoð á meðan keppni stendur. Undantekningar frá þessu eru eldsneyti, klósettaðstaða, drykkir, matur, fatnaður, slöngur, dekk og verkfæri sem fylgja hjólinu. Einungis skráðum liðsmönnum er heimilt að koma að flutningi liðsmanna á milli staða og aðeins er heimilt að nota liðsbíla liðsins til slíkra flutninga. Ekki er heimilt að vera með aukafarþega í liðsbílum. Undantekning frá þessari reglu er ef viðvera aukafarþega er stutt og í þeim tilgangi að afla efnis fyrir markaðssetningu af einhverju tagi en að öðru leyti þarf leyfi frá keppnisstjóra. Liðsbílar og tengivagnar sem notaðir eru í keppninni skulu uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 822 um gerð og búnað ökutækja. Ökumenn í keppninni skulu ávallt haga akstri liðsbíla í samræmi við gildandi umferðarlög.



Mercedes-Benz



ENDAMARK

Endamark keppinnar verður staðsett á Hvaleyrarvatnsvegi. Þátttöku hvers liðs lýkur þegar fremsta hjól frá hverju liði fer í gegnum tímatökuhlið við endamark. Í A og B flokk þarf að passa að tímatökuflaga sé á hjóli þess hjólara sem reiknað er með að fari fyrstur yfir endamarkslínuna til þess að tímataka sé sem nákvæmest. Ef skera þarf úr um úrslit milli liða verður notast við myndavél sem staðsett verður í endamarkinu og skal miða við það þegar fremsti punktur framdekkis fremsta hjóls hvers liðs mætir lóðlínu yfir fremri brún endalínu.

Hvaleyrarvatnsvegur verður lokaður á þessum kafla fyrir allri bílaumferð en fylgdarbílar merktir keppninni mega keyra um veginn að Hamranesnánum þar sem þeir víkja til vinstri. Þar þarf að fjarlægja ökuriti úr bílum og lið þurfa að skila tímatökufögum.



Mercedes-Benz



VIÐURLÖG VIÐ BROTUM Á REGLUM

Keppisstjórn getur ákveðið að beita lið í keppninni tímavíti verði þau uppvís að broti á reglum. Liðin munu fá símtal frá dómara þar sem lengd tímavítis er tiltekin og liðin verða stöðvuð í þann tíma á leiðinni. Staðir þar sem tímavíti eru tekin úr er N1 Akureyri, N1 Egilsstaðir og N1 Hvolsvelli. Ef lið verður uppvíst að broti á reglum eftir að það hefur farið fram hjá Hvolsvelli mun tímavítið verða lagt við heildartíma liðsins. Endurtekin brot á almennum reglum eða sértækum reglum flokkanna geta valdið brottvísun úr keppni.

TILMÆLI TIL ALLRA ÞÁTTTAKENDA

Þátttakendur skulu allir sem einn finna til ábyrgðar að keppnin fari vel fram og leggja sig fram við að koma í veg fyrir að slysi verði á þessum skammtilega hjólræði. Keppendur skulu ávallt sýna af sér íþróttamannslega hegðun, náungakærleik og vera WOW Cyclothon, áheitasöfnun keppninnar og hjólræðum yfir höfuð til fyrirmyndar í alla staði! Mikilvægt er að keppendur kynni sér reglur fyrir þann flokk sem þeir keppa fyrir sérstaklega á heimasíðu WOW Cyclothon og fylgist með reglulegum upplýsingum um keppnina á Facebook síðu WOW Cyclothon.



Mercedes-Benz



N1 ÞJÓNUSTA ALLAN HRINGINN

N1 stöðvarnar bjóða upp á lengri opnunartíma á meðan keppni stendur. Hjá N1 er gott að fylla á bensíntankinn, nota hreinlætisaðstöðuna og fá sér eitthvað gott að borða. Ef það er eitthvað sem þarf að undirbúa og þið eruð á hraðferð getið þið haft samband við þær stöðvar sem hafa uppgengið símanúmer áður en þið komið á svæðið.



Tilboð til þáttakenda

Hamborgara m/osti, beikon, frönskum og N1 sósu að eigin vali - 1.490kr
Kjúklingaborgara, franskar og N1 sósu að eigin vali - 1.490kr
Kjötsúpa með brauði (þar sem það er í boði) - 1.490kr

OPNUNARTÍMAR

Borgarnes:	19:30 - 01:00 (21.06 - 22.06)	440 1333
Staðarskáli:	23:00 - 04:00 (21.06 - 22.06)	440 1336
Blönduós:	02:00 - 08:00 (22.06)	467 1010
Akureyri v/ Leiruveg:	05:30 - 23:30 (22.06)	461 3414
Egilsstaðir:	06:00 - 00:00 (23.06)	440 1450
Höfn:	08:00 - 23:00 (23.06)	478 1940
Kirkjubæjarklaustur:	24 tíma opnun (24.06)	487 4628
Vík:	08:00 - 23:30 (24.06)	487 1230
Hvolsvöllur:	07:30 - 23:00 (24.06)	487 8197
Selfoss:	07:00 - 23:30 (24.06)	482 1005



Mercedes-Benz



Síminn

BÍLAR Á VEGUM WOW CYCLOTHON

DÓMARABÍLL WOW CYCLOTHON

SÍMI 898 6811

Tveir dómara munu keyra með keppninni allan hringinn.

WOW RÚTAN

SÍMI 697 5539, GUÐRÚN VAKA.

MEDIA TEYMI

SÍMI 626 6606, SVERRIR.

ÞJÓNUSTUBÍLL GÁP OG ÖSKJU

SÍMI: 822 0205

GÁP "service Team" Mercedes Benz bíllinn eltir WOW Cyclothon keppnina á meðan flestir eru að klára hringinn. Um borð verða skemmtilegir strákar frá GÁP og Öskju sem eru klárir með verkfæri og varahluti fyrir flest hjól.

Eina sem þú þarft að gera er að hringja í 822 0205 og þeir reyna að komast til ykkar og aðstoða eftir bestu getu

Þegar þú sérð GÁP service team bíllinn ekki gleyma að heilsa upp á srákana. Þessi bíll er fyrir alla þátttakendur í WOW Cyclothon. Hann fylgir keppninni hringinn á meðan flest lið eru að klára. Það eru verkfæri og varahlutir fyrir hjól um borð.

KEPPNISSTJÓRN

Sími: 898 9811

Keppnisstjórn hefur loka ákvörðunarvald um túlkun á reglum, veitingu undanþága, tímavíti og önnur atriðum keppinnar. Hægt er að hafa samband í síma eða tölvupósti wowcyclothon@wow.is.

Í NEYÐ

112 er símanúmer Neyðarlínunnar.

Alltaf skal hafa samband beint við Neyðarlínuna ef slys eða umferðaróhapp ber að höndum.



Mercedes-Benz



Síminn

STYRK TARÆILAR WOW CYCLOTHON

WOW Cyclothon er alfarið rekið undir góðgerðafélaginu WOW Sport ses. Markmiðið með hjólræiðakeppninni WOW Cyclothon er að halda viðburð sem gefur fólki kost á að fara út fyrir rammann, upplifa Ísland á magnaðan og heilsusamlegan hátt með góðum hópi fólks en í leiðinni, og fyrst og fremst, að láta gott af sér leiða. Það eru styrktaraðilarnir sem gera það að verkum að hægt er að framkvæma og láta svona viðburð verða að veruleika. Við erum full þakklætis og metum framlag þeirra mikils.



Mercedes-Benz



Mercedes-Benz



AÐ LOKUM

WOW Cyclothon er góðgerðarviðburður og okkar markmið er að safna enn meira en á síðasta ári og nú til styrktar Slysavarnarfélagssins Landsbjörg. Við hvetjum því öll lið að leggja sitt að mörkum fyrir söfnunina með því að vera virk á samfélagsmiðlum. Með því hjálpumst við að við að vekja athygli á þessari mikilvægu uppbyggingu. Myllumerki (Hashtag) keppninnar er #wowcyclothon og hvetjum við ykkur til að nota það óspart á öllum samfélagsmiðlum. Við óskum öllum liðum góðs gengis og hlökkum til að taka á móti ykkur í markinu.



Mercedes-Benz



TÍMATÖFLUR

Tímatöflur eru aðgengilegar á vef keppinnar <http://www.wowcyclothon.is/keppni/gogn>

SÍMASKRÁ

Símaskrá keppinnar inniheldur símanúmer liðsstjóra hvers liðs, símaskráin er aðgengilegar á vef keppinnar <http://www.wowcyclothon.is/keppni/gogn>



Mercedes-Benz

